

# REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Reykjavík

Mars 2002

1. tölublað

**Nýtt fréttabréf**

ReykjavíkurAkademíán hefur hér útgáfu fréttabréfs félagsins. Fréttabréfinu er ætlað að kynna helstu atburði sem félagið á aðild að og segja frá breytingum sem verða á starfsemi þess. Er það von okkar að fréttabréfið tengi félagið og félagsmennina sterkari böndum en áður og virki fleiri til þátttöku í starfi Akademíunnar.

**Stuðningur ríkisins aukinn**

Menntamálaráðherra gaf nýlega vilyrði fyrir að veita ReykjavíkurAkademíunni 3 milljón króna viðbótarstyrk á árinu 2002. Kemur þessi styrkur til viðbótar 7 milljón króna fjárveitingu sem félagið fékk á fjárlögum ársins.

Þá hefur menntamálaráðherra ákveðið að beita sér fyrir 15 milljóna króna árlegum styrk til RA á fjárlögum næstu þriggja ára.

Á fyrstu starfsárum sínum hefur ReykjavíkurAkademíán fengið 5-10 milljóna kr. framlag frá ríkinu. Að auki hefur félagið notið mjög hagstæðrar húsaleigu í húsnæðinu að Hringbraut 121 vegna framleigusamnings við íslenska ríkið. Nú hefur sá sammingur runnið út, aðrir aðilar eignast húsnæðið og um leið hækkar húsaleigan verulega.

Menntamálaráðuneytið styrkir RA til að vera vettvangur fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn í landinu. Henni er ætlað að efla rannsóknir og miðlun þeirra og ýta sérstaklega undir þverfaglegt samstarfs fræðimanna. ReykjavíkurAkademíán veitir sjálfstætt starfandi fræðimönnum, fræðafélögum, menningar- og fræðastofnunum, sem og smáum fyrirtækjum sem byggja starfsemi sína á rannsóknum og miðlun þeirra, starfsaðstöðu og þjónustu á fjölfaglegu rannsóknasetri félagsins.

**Stóraukið húsnæði RA við****Hringbraut**

ReykjavíkurAkademíán hefur tekið á leigu nýtt húsnæði á 4. og 5. hæð við Hringbraut 121. Á 4. hæðinni eru kennslustofa og sex herbergi, sem væntanlega verða nýtt fyrir rannsókna bókasafn. Á 5. hæðinni verða 21 skrifstofa fyrir félaga Akademíunnar.

Eftir þessa viðbót mun ReykjavíkurAkademíán hafa yfir að ráða samtals um 2.800 fermetra húsnæði.

Þessum húsnæðisbreytingum fylgja töluverðir innanhússflutningar. Margir fræðimenn munu flytja sig af 3. hæð JL-hússins, sem í framhaldinu verður í vexandi mæli framleigt út til fyrirtækja utan ReykjavíkurAkademíunnar. Á 3. hæðinni hafa ýmsar stofnanir og fyrirtæki haft aðstöðu, þ.á.m. Alliance Francaise.

**Námskeið um deilur Ísraelsríkis og Palestínumannna**

Námskeið um deilur Ísraelsríkis og Palestínumannna hefst í nýrri kennsluaðstöðu Reykjavíkur Akademíunnar þ. 19. mars n.k. Kennari verður Lilja Hjartardóttir stjórmálafræðingur.

Á námskeiðinu verður fjallað um sögulegan og stjórmálalegan bakgrunn deilu araba og Ísraelsmannar, þróun og einkenni þjóðernishyggu Palestínumannna, stöðu araba í Ísrael, friðarumleitanir, uppreisnir Palestínumannar, stöðu kvenna í Palestínu og stöðu Jerúsalem. Reynt verður að varpa ljósi á orsakir deilunnar og skýra hvers vegna hún virðist óleysanleg.

Námskeiðið fer fram á fjórum kvöldum, hefst 19. mars og heldur áfram 26. mars, 9. og 16. apríl, öll kvöldin kl. 20-22. Gjald fyrir þátttöku er 9,500 kr. Áhugasönum er bent á að ýmis fagfélög og stéttarfélög styrkja þátttöku í námskeiðinu.

Fleiri námskeið eru fyrirhuguð síðar í vor.

**Brönsfundir**

Fyrsta laugardag í hverjum mánuði hafa RA í veturn gengist fyrir umræðufundum um fræðileg málefni í veitingahúsinu Iðnó við Reykjavíkurtjörn. Eftir áramót hefur Stefán Snævarr rætt um þjóðernisstefnu og Steinunn Jóhannesdóttir um rannsóknir á Tyrkjaráðninu og ævi Guðríðar Símonardóttur. Eru félagar hvattir til að gefa gaum að fjölmíðlatilkynningum um næstu fundi.

Fréttabréf ReykjavíkurAkademíunnar  
1. tölublað, mars 2002  
Ritstjórn: Steinunn Kristjánsdóttir, Viðar  
Hreinsson og Þorleifur Hauksson  
Ábyrgðarmaður: Jónas Guðmundsson  
Sími: 562 8561  
Veffang: [www.akademia.is](http://www.akademia.is)

## Rannsóknastefna

Rannsóknastefna RA var haldin 18. janúar. Framsöguverindi fluttu Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Steinunn Kristjánsdóttir formaður RA og Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannís.

Björn Bjarnason kynnti 3 frumvörp sem öll miða að endurskipulagningu á stuðningi við rannsóknir. Kjarninn í þeirri endurskipulagningu er pólitisk móton vísindasamfélagsins með tiltölulega opnu fyrirkomulagi þar sem stjórnmalamenn móta stefnuna með fulltingi þeirra sem málið er skyldast. Steinunn Kristjánsdóttir sá bæði kost og löst á þessu fyrirkomulagi. Nokkur hætta hlyti að vera á of náinni pólitískri stýringu rannsóknarverkefna en hins vegar sá hún nýja möguleika á að nýta mannaúðinn, t.d. sjálfstætt starfandi fræðimenn. Vilhjálmur rakti flæði þekkingar um samfélagið sem hefur reynst flóknara og erfiðara að kortleggja en menn höfðu talið. Hins vegar væri nauðsynlegt að greina það og skipuleggja án þess að leggja hömlur á hreyfiafl þess.

Í pallborði urðu líflegar umræður sem snerust m.a. um praktíkska útfærslu og hinn almenna ramma sem settur er með lögunum. Stjórnmalavæðing rannsókna var gagnrýnd og viðraðar voru áhyggjur af hlut hug- og félags-vísinda og sjálfstætt starfandi fræðimanna, rætt um rannsóknanaum og nám erlendis.

Stefnan var prýðilega sótt og umræður líflegar og áhugaverðar en að vanda var kjarni málsins hve miklu fé stjórnvöld verja til rannsókna. Góður lagarammi er til lítils ef fjárveitingar aukast ekki.

## Næstu miðvikudagsseminör

Annan hvern miðvikudag eru sem fyrr haldnir hádegisfundir í sal ReykjavíkurAkademíunnar þar sem kynntar eru nýlegar rannsóknir. Næstu kynningar verða í höndum fræðimanna sem nýlega hafa leigt aðstöðu hjá Akademíunni:

13. mars Steindór Erlingsson vísinda-sagnfræðingur
10. apríl Kristinn H. Schram þjóðfræðingur
24. apríl Þorvarður Árnason líffræðingur og heimspekingur
8. maí Ian Watson félagsfræðingur

## Málþing um meðferð og refsingar, og um naívisma

ReykjavíkurAkademíán og Sakfræðifélag Íslands efna til málþings um meðferð og refsingar vímuefnaneytenda. Á málþpinginu verður m.a. greint frá norrænum viðhorfum og aðferðum til þess að tengja saman meðferð og refsingu. Málþingið verður haldið 3. apríl og hefst kl. 20.

Í tilefni af lokum sýningar Reykjavíkur-Akademíunnar á verkum einfarans Hjálmars Stefánssonar frá Smyrlabergi verður haldið málþing um naívisma í listum 24. apríl, síðasta vetrardag. Flutt verða stutt erindi um naívisma í listum og velt vöngum um hvort og hvernig það hugtak eigi við aðrar greinar en myndlist. Málþingið stendur frá kl. 16-18.

Bæði málþingin verða haldin að Hringbraut 121.

## Nýjar Atviks-bækur

Sjötta Atviks-bókin í ritróð Reykjavíkur-Akademíunnar er komin út. Bókin heitir Tíðarandi í aldarþyrjun. Þráttan sviðsmyndir af tímanum. Ritstjóri er Pröstur Helgason. Næstu tvær bækur eru væntanlegar fliótlega. Það eru: Borgarfræði í ritstjórn Halldórs Gíslasonar og Geirs Svanssonar. Hreyfanlegar undirstöður. Nietzsche á hafi verðandinna í ritstjórn Davíðs Kristinssonar og Hjörleifs Finnssonar.

## Aðalfundur

Ákveðið hefur verið að halda aðalfund ReykjavíkurAkademíunnar þ. 20. apríl n.k. Dagskrá verður nánar tilkynnt síðar.



Nokkrir stjórnarmenn ReykjavíkurAkademíunnar á fundi, Pórunn Sigurðardóttir, Steinunn Hrafnssdóttir, Hildigunnur Ólafsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir